Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs Kennarasambands Íslands

Hlutverk Sjúkrasjóðs Kennarasambands Íslands er að veita sjóðfélögum fjárhagsaðstoð vegna veikinda og slysa, styðja við endurhæfingu og forvarnir og koma til móts við útgjöld vegna útfarar sjóðfélaga.

1. gr. SJÓÐSAÐILD OG ÚTHLUTUNARRÉTTUR

1.1 Réttur til úthlutunar er háður því að launagreiðandi hafi greitt sjúkrasjóðsframlag vegna sjóðfélaga í sex mánuði samfellt áður en stofnað er til útgjalda sem veita rétt til styrks úr sjóðnum, áður en tekjutap verður sem veitir rétt til sjúkradagpeninga eða fyrir fæðingardag barns. Sjóðfélagi öðlast þó rétt til úthlutunar eftir iðgjaldagreiðslu í einn mánuð ef hann fyrir það greiðslutímabil átti rétt til úthlutunar úr sjúkrasjóði annars stéttarfélags, enda veiti sá sjóður fyrrum sjóðfélögum úr Sjúkrasjóði KÍ sams konar rétt. Styrkir eru ekki veittir vegna kostnaðar sem stofnað var til áður en starf það hófst sem gefur rétt til aðildar að sjóðnum.

1.2 Réttur til úthlutunar fellur niður á meðan sjóðfélagi nýtur launalauss leyfis eða er í foreldraorlofi, en stofnast að nýju við fyrstu iðgjaldagreiðslu að loknu leyfi. Að fenginni heimild stjórnar KÍ, sbr. 4. gr. laga Kennarasambands Íslands, getur sjóðfélagi í launalausu leyfi greitt stéttarfélagsgjald eitt ár í senn og heldur hann þá fullum réttindum.

1.3 Sjóðfélagi sem fer í fæðingarorlof og velur að greiða stéttarfélagsgjald meðan á því stendur heldur fullum réttindum. Sama gildir um sjóðfélaga á atvinnuleysisskrá sem greiðir stéttarfélagsgjald.

1.4 Réttur til greiðslu úr sjóðnum fellur niður sé ekki sótt um hana innan 12 mánaða frá því að til útgjalda var stofnað.

1.5 Réttur til nýs sjúkradagpeningatímabils stofnast aftur þegar greitt hefur verið í sjóðinn vegna sjóðfélaga í sex mánuði eftir að síðasta dagpeningatímabili lauk.

1.6 Styrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur útlögðum kostnaði í hverju tilviki.

1.7 Ekki er greiddur styrkur vegna meðferðar sem fellur undir reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

2. gr. UMSÓKN OG FYLGIGÖGN

2.1 Sá sem óskar eftir greiðslu úr sjóðnum og uppfyllir skilyrði reglna þessara skal skila rafrænni umsókn í gegnum „Mínar síður“ á vef KÍ eða leggja fram skriflega umsókn á viðeigandi eyðublaði sjóðsins.

2.2 Með umsókn skulu fylgja nauðsynleg gögn eftir því sem við á og er nánar tilgreint í ákvæðum um einstakar styrktegundir hér á eftir. Gögn, þar á meðal reikningar, skulu vera rafræn eða skönnuð frumrit. Sjóðsstjórn getur jafnan farið fram á að að frumrit reiknings verði lagt fram og/eða að lögð verði fram nánari gögn til stuðnings umsókn.

2.3 Reikningar skulu vera á löglegu formi með nafni umsækjanda, auk þess sem nafn og kennitala seljanda þarf að koma fram, ásamt upplýsingum um þá þjónustu eða vöru sem keypt er. Reikningar skulu sannanlega hafa verið greiddir.

3. gr. UMSÓKNARFRESTUR

Umsóknir eru afgreiddar einu sinni í mánuði. Hverju sinni eru teknar til afgreiðslu umsóknir sem borist hafa 15. sama mánaðar.

4. gr. SJÚKRADAGPENINGAR

4.1 Greiddir eru sjúkradagpeningar til sjóðfélaga sem er í starfi en lendir tímabundið út af launaskrá eða verður fyrir skerðingu á launum vegna veikinda eða slyss. Sjúkradagpeningar greiðast eftir að tímabili veikindaréttar samkvæmt kjarasamningi lýkur.

4.2 Greiddir eru sjúkradagpeningar til sjóðfélaga sem verður fyrir tekjuskerðingu sem er afleiðing alvarlegra langtímaveikinda maka eða barna, enda hafi veikindin staðið í a.m.k. þrjá mánuði.

4.3 Sjúkradagpeningar eru greiddir í allt að fjóra mánuði en þó ekki lengur en ráðningu er ætlað að standa.

4.4 Fjárhæð sjúkradagpeninga tekur mið af meðalstarfshlutfalli síðustu 12 mánaða áður en réttur til þeirra stofnast og af starfshlutfalli þann tíma sem sá réttur varir. Óskert fjárhæð dagpeninga eru 21.000 kr. á dag. Greiddir eru 30 dagar í mánuði.

4.5 Sjúkradagpeningar að viðbættum sjúkradagpeningum almannatrygginga, endurhæfingar-/örorkulífeyri frá lífeyrissjóðum eða Tryggingastofnun ríkisins geta aldrei numið hærri fjárhæð en sem nemur launaskerðingu sjóðfélaga.

4.6 Sjóðsstjórn er heimilt að greiða sjúkradagpeninga til atvinnulauss sjóðfélaga, þó ekki lengur en í þrjá mánuði samtals á hverju tímabili sem atvinnuleysisbætur eru greiddar.

4.7 Með barni í þessari grein er auk kynbarns, kjörbarns og fósturbarns átt við stjúpbarn og barnabarn yngri en 18 ára sem býr á heimili sjóðfélaga eða þarfnast sannanlega umönnunar hans.

4.8 Umsókn um sjúkradagpeninga skal fylgja sjúkradagpeningavottorð frá lækni svo og staðfesting launagreiðanda um ráðningarform, síðasta greiðsludag launa og meðalstarfshlutfall síðustu 12 mánaða. Við langvarandi veikindi þarf að jafnaði að skila nýju sjúkradagpeningavottorði á tveggja mánaða fresti.

Kostnaður vegna sjúkradagpeningavottorða er endurgreiddur gegn framvísun frumrits kvittunar.

5. gr. ÚTFARARSTYRKUR

5.1 Greiddur er útfararstyrkur 350.000 kr. vegna andláts sjóðfélaga eða barna hans yngri en 18 ára, enda hafi barn sannarlega verið á framfæri sjóðfélaga. Enn fremur er greiddur útfararstyrkur allt að 250.000 kr. vegna andláts fyrrverandi sjóðfélaga allt að fimm árum eftir að hann hefur hætt störfum vegna aldurs eða örorku. Útfararstyrkur greiðist til lögerfingja.

5.2 Vegna umsóknar um útfararstyrk skal fylgja útskrift úr dánarskrá sýslumanns.

Eftirfarandi styrkir eru eingöngu fyrir sjóðfélaga. Styrkir eru ekki greiddir vegna meðferðar og/eða þjónustu vegna barna, maka eða annarra.

6. gr. MEÐFERÐARSTYRKIR

6.1 Greiddur er styrkur að hámarki 75.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili vegna meðferðar hjá meðferðaraðilum skv. gr. 6.1.1, enda hafi viðkomandi meðferðaraðili leyfi frá embætti landlæknis til að nota starfsheiti löggiltrar heilbrigðisstéttar og til að starfa sem heilbrigðisstarfsmaður. Skilyrði fyrir styrkveitingu er að meðferð falli undir starfssvið viðkomandi heilbrigðisstéttar og að meðferðin falli ekki undir reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu. Kostnaður vegna námskeiða er ekki styrkhæfur.

6.1.1 Meðferð hjá eftirtöldum meðferðaraðilum er styrkhæf, þó skv. skilyrðum gr. 6.1: Hnykki (kírópraktor), osteopata, sálfræðingi og sjúkranuddara.

6.2 Sjóðurinn greiðir kostnað vegna læknisfræðilegrar endurhæfingar á Heilsustofnun NLFÍ. Greiddar eru að hámarki 6.000 kr. á dag í allt að 28 daga á hverju 24 mánaða tímabili.

6.3 Umsókn um meðferðarstyrk skulu fylgja reikningar í samræmi við grein 2.3, auk þess sem nafn meðferðaraðila þarf að koma fram ásamt dagsetningum meðferða og tegund meðferðar.

6.4 Taki meðferð til annarra **auk** sjóðfélaga er að hámarki veittur hálfur styrkur.

7. gr. HEYRNARTÆKI – GLERAUGU – LASERAÐGERÐIR

7.1 Greiddur er styrkur vegna kaupa á heyrnartækjum. Fjárhæð styrks getur numið allt að 30% af upphæð reiknings að frádregnum styrk Sjúkratrygginga Íslands. Hámarksstyrkur er 150.000 kr. ef keypt eru tvö tæki en 75.000 kr. ef keypt er eitt tæki.

7.2 Greiddur er styrkur vegna kaupa á einum gleraugum einu sinni á hverjum 12 mánuðum. Styrkur getur numið 60% af kostnaði umfram 50.000 kr. Hámarksstyrkur er 70.000 kr.

7.3 Greiddur er styrkur vegna laseraðgerða á augum eða augasteinsaðgerðar. Greiddar eru að hámarki 75.000 krónur fyrir hvort auga.

7.4 Reikningar skulu fylgja umsókn og skulu þeir vera í samræmi við grein 2.3.

8. gr. TÆKNIFRJÓVGUN – ÆTTLEIÐING

8.1 Sjóðurinn endurgreiðir hluta kostnaðar sjóðfélaga vegna tæknifrjóvgunar sem fellur utan kostnaðarþátttöku Sjúkratrygginga Íslands. Greiddar eru að hámarki 300.000 kr. á hverju 12 mánaða tímabili. Undir þessa grein fellur eftirfarandi kostnaður:

- Glasameðferð frá og með 5. meðferð (tekur til IVF, ICSI, PICSI og IMSI)
- Uppsetning á frystum fósturvísi (þó ekki ef um aðgerð af læknisfræðilegum ástæðum er að ræða)
- Tæknisæðing
- Kaup á gjafakynfrumum
- Gjafaeggjameðferð

8.2 Sjóðurinn endurgreiðir hluta kostnaðar vegna ættleiðinga, þó að hámarki 300.000 kr. fyrir hvert barn.

8.3 Reikningar skulu fylgja umsókn og skulu þeir vera í samræmi við grein 2.3.

9. gr. FÆÐINGARSTYRKUR

9.1 Sjóðfélagi fær greiddan fæðingarstyrk að fjárhæð 245.000 kr. miðað við fullt starf síðastliðna sex mánuði fyrir fæðingu barns eða samkvæmt meðalstarfshlutfalli þann tíma, enda fari sjóðfélagi með forsjá barnsins og taki að lágmarki þriggja mánaða fæðingarorlof. Hægt er að nýta styrkinn upp að **24 mánaða** aldri barns. Vegna fjölburafæðinga er framangreind fjárhæð greidd fyrir hvert barn. Sé um að ræða fósturlát eftir 18 vikna meðgöngu eða andvanafæðingu er greiddur hálfur fæðingarstyrkur.

9.2 Um frumættleiðingu og töku barns yngra en átta ára í varanlegt fóstur gilda reglur gr. 9.1 eftir því sem við á. Hægt er að nýta styrkinn allt að **24 mánuðum** frá því að barnið kom inn á heimilið.

9.3 Umsókn um fæðingarstyrk skal fylgja ljósrit af fæðingarvottorði barns, greiðsluáætlun frá Fæðingarorlofssjóði og staðfesting launagreiðanda um meðalstarfshlutfall síðustu 6 mánaða fyrir fæðingu barnsins.

10. gr. TANNLÆKNAKOSTNAÐUR

10.1 Sjóðsstjórn er heimilt að veita styrk vegna tannlæknakostnaðar sem nemi 60% af kostnaði umfram 300.000 kr. einu sinni á hverju 12 mánaða tímabili, þó að hámarki 250.000 kr. Styrkur er ekki greiddur vegna aðgerða sem einungis eru gerðar í fegrunarskyni.

10.2 Umsókn um styrk skulu fylgja reikningar í samræmi við grein 2.3, auk þess sem nafn og kennitala meðferðaraðila þarf að koma fram ásamt dagsetningum meðferða og hvað gert var.

11. gr. VEIKINDI Í VERKFALLI

11.1 Í verkfalli félagsmanna KÍ er sjóðnum heimilt að bæta tekjuskerðingu sjóðfélaga sem er í veikindaleyfi meðan á verkfalli stendur.

11.2 Vegna umsóknar um styrk skv. þessari grein skal fylgja læknisvottorð.

12. gr. VILLANDI – EÐA RANGAR UPPLÝSINGAR

Sá sem gefur rangar eða villandi upplýsingar eða lætur hjá líða að veita nauðsynlegar upplýsingar, kann að missa rétt til bóta í allt að tvö ár samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar. Í slíkum tilvikum er sjóðsstjórn heimilt að endurkrefja bótaþega um alla bótafjárhæðina auk dráttarvaxta.

13. gr. ENDURSKOÐUN

13.1 Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs KÍ skulu endurskoðaðar eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

13.2 Úthlutunarreglur Sjúkrasjóðs KÍ og allar breytingar á þeim skulu birtar opinberlega á vettvangi KÍ og kynntar trúnaðarmönnum sérstaklega.

Úthlutunarreglur þessar gilda frá 1. október 2026